

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu hrepps í 2 hreppafjelög. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, þar sem 5 kosnir menn fyrir hönd hreppsnefndar og hreppsþúa í Broddaneshreppi í Strandasýslu fara þess á leit, að hinum núverandi Broddaneshreppi verði skipt í 2 hreppsfjelög, og hafið þjer lagt það til, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppsskiptingu þessa, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefur álitid mjög svo hagfellda á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið í áðurnefndu erindi.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Broddaneshreppi í Strandasýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur, þannig að allar jarðirnar umhverfis Bitruffjörð frá Þambárvöllum að Skriðnesenni að báðum þeim jörðum meðtöldum verði í Óspakseyrarhreppi, en allar jarðir umhverfis Kollafjörð frá Broddadalsá að Hlíð, að þeim báðum meðtöldum, verði í Fellshreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og ómagameðlögum hins núverandi Broddaneshrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa þannig að $\frac{3}{5}$ komi á Óspakseyrarhrepp og $\frac{2}{5}$ á Fellshrepp, og eptir sama hlutfalli skal skipta ómagameðlögum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, milli hinna nýju hreppa, er hingaðtil hefur átt sjer stað.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir eptir það hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómagameðlögum og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal jeg með tilliti til þess, að í frammanefndu erindi einnig er leitað samþykkis míns til að sýslunefndin í Strandasýslu með ráði hreppsnefndanna ákveði þingstaði í hinum nýju hreppum, geta þess, að áður en slíkt samþykki verði veitt, verður að vera fengin vissa fyrir því, að hreppsnefndirnar taki að sjer þá skuldbindingu að koma upp og halda við rúmgóðu og óaðfinnanlegu þinghúsi hvor í sínum hreppi, og að eigendur eða umráðamenn jarða þeirra, þar sem þinghúsin eiga að standa, samþykki að slík kvöð sje lögð á jarðir þeirra um aldur og æfi; en vitaskuld er það, að engin breyting verður gjörð á takmörkum Broddanesþinghár sem dómpinghár nema með lögum.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um breytingu á kirkjusókn tveggja bæja. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, háæruverðugi herra, 18. f. m. og skilríki þau, er því fylgdu, vil jeg hjermeð samkvæmt tillögu hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi og meðmælum yðar fallast á, að bæirnir Forsæti og Hraukur í Landeyjarþingum eigi eptirleiðis kirkjusókn eingöngu að Sigluvíkurkirkju og greiði þangað öll lögboðin kirkjugjöld.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.